



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn- 13. mars 2017

Efni: Einhella 6, fyrirspurn, deiliskipulagsbreyting, mars 2017, 1702130

Þann 8. mars bárust skipulags- og byggingarfulltrúa fyrirspurnarteikningar, dags. 8.3.2017, vegna deiliskipulagsbreytinga við Einhellu 6.

Erindi vegna deiliskipulagsbreytinga hefur áður borist skipulags- og byggingarfulltrúa, febrúar 2017. Þá voru gerðar athugasemdir frá skipulagsfulltrúa og annarra hagsmunaaðila. Í nýrri tillögu hefur verið brugðist við athugasemd er sneri að aðkomu og innkeyrslu sem fyrirhuguð var milli lóðanna Einhellu 6 og 4.

Nú er óskað eftir að koma bílastæðum fyrir austan megin lóðar. Hús er fært innar á lóð. Af þeim sökum fer það nú lengra út fyrir lóðarmörk til norðurs en í fyrri tillögu. Gert er ráð fyrir stækkun lóðar til norðurs sem nemur 661,7 m².

Í umsögn skipulagsfulltrúa vegna erindisins í febrúar kom fram að "með stækkun lóðar við númer 6 er farið nær hrauninu jafnfram því sem aðliggjandi lóðarmörk verða með undarlegum hætti. Slík stækkun væri fordæmisgefandi og því færi með tímanum að ganga á það hraun sem lögð hefur verið áhersla á að vernda. Frekar væri að aðlaga húsið að núverandi lóð og skoða hvort nálægð við lóðarmörk mætti vera innan þeirra 3m sem, nú er kveðið á um, á þeim forsendum að ekki verði byggt í miðjum hraunbollanum. Með því móti haldast lóðarmörk og það yfirbragð sem skilmálar kveða á um."

Skipulags- og byggingarráð samþykkti þann 21.2.2017 að heimila auglýsingu að breyttu deiliskipulagi þegar uppfærðir uppdættir væru í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14.2.2017.

Til að uppfylla megi þau skilyrði sem sett eru fram vegna deiliskipulagsbreytingarinnar þarf að minnka húsið um eitt bil.

Í ljósi þessa er ekki hægt að fallast á tillögunu í núverandi mynd.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt